

Alþingi
b.t. félags- og tryggingamálanefndar

Reykjavík 20. apríl 2010

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

1004002SA
Málalykill: 236

Efni: Umsögn um þingsályktunartillögu um notendastýrða persónulega aðstoð - 354. mál

Þingsályktunartillagan barst Sambandi íslenskra sveitarfélaga til umsagnar með tölvupósti frá nefndasviði Alþingis, dags. 7. apríl sl.

Þær hugmyndir sem eru tilefni tillögunnar um notendastýrða persónulega aðstoð (NPA) hafa verið til umræðu að undanfögnu, m.a. á vettvangi hagsmunasamtaka fatlaðra. Sambandið hefur kynnt sér þessar hugmyndir og tekið þátt í skoðanaskiptum um þær. Er grundvöllur hugmyndanna sá að notendur félagsþjónustu stýri þjónustunni sjálfir í samræmi við sínar þarfir í stað þess að þiggja þjónustuna inni á stofnunum eða eftir forskrift þeirra.

Að mati sambandsins er sú hugsun sem liggur til grundvallar tillögunni í góðu samræmi við þær áherslur sem sveitarfélögin fylgja almennt við þróun og uppbyggingu félagsþjónustu og annarrar nærþjónustu við íbúa. Þá hafa sveitarfélögin í ríkum mæli tileinkað sér þau viðhorf, að árangur af slíkri grunnþjónustu eigi fyrst og fremst að meta út frá því hversu vel hún svarar þörfum þess einstaklings sem í hlut á.

Áætlanir um yfirfærslu á málefnum fatlaðra frá ríki til sveitarfélaga taka einnig mið af þessum viðhorfum, en fyrst og fremst er þó horft til þess að samþætta þjónustuna og tryggja það, eins og kostur er, að ábyrgð á sem flestum þjónustubáttum sé á einni hendi. Er gengið út frá því að með þessu náist fram bæði faglegur og fjárhagslegur ávinningur sem sé bæði notendum og sveitarfélögunum sem þjónustuveitendum í hag. Er í því efni byggt á reynslu sveitarfélaga sem tekið hafa að sér málaflokkinn á umliðnum árum, á grundvelli samninga við ríkið.

Full samstaða er um það milli ríkis og sveitarfélaga, sbr. viljayfirlýsingu, dags. 13. mars 2009, að þróun málaflokksins, eftir áformaða yfirfærslu, verði í samræmi við þessi tvö grundvallarmarkmið, þ.e. að þjónustan svari sem best þörfum hvers einstaklings sem í hlut á og að þjónustan verði samþætt eins og kostur er, allt eftir aðstæðum á hverjum stað. Þá er sérstaklega tekið fram í viljayfirlýsingunni að forsenda yfirfærslunnar sé að sveitarfélögin hafi ríkt sjálfræði um framkvæmd þjónustunnar.

Sú notendastýrða, persónulega aðstoð (NPA) sem framkomin tillaga gerir ráð fyrir að verði tekin upp, virðist vera ágætlega til þess fallin að koma til móts við fyrrnefnda markmiðið. Sambandið leggur á hinn bóginn áherslu á að NPA er fjarri því eina leiðin til þess að þróa þjónustuna áfram og að ekki er víst að hún henti öllum fötludum. Einnig er vert að hafa í huga að nú þegar er boðið

upp á þjónustu sem tryggir fötluðum umtalsvert sjálfstæði í formi sjálfstæðrar búsetu og að fyrirkomulag sem líkist notendastýrðri þjónustu er þegar til staðar í núverandi þjónustukerfi.

Þá telur sambandið að mjög margir óvissuþættir séu til staðar komi til þess að NPA verði innleidd jafn röggssamlega og þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Þessir óvissuþættir taka bæði til kostnaðar og einnig áhrifa á það þjónustukerfi sem fyrir er. Fyrst og fremst er þá vísað til þess að hröð innleiðing á rétti til NPA geti unnið gegn þeim markmiðum um samþættingu þjónustu á vettvangi sveitarfélaganna, sem eru rauði þráðurinn í verkefninu um yfirfærslu málaflokksins. Augljós galli á tillögunni er að við gerð hennar hefur ekkert tillit verið tekið til aðkomu sveitarfélaga að útfærslu og þróun þjónustunnar, þrátt fyrir þá miklu vinnu sem unnin hefur verið í aðdraganda yfirfærslu þjónustunnar til sveitarfélaga um næstu áramót.

Af þessum ástæðum er það afstaða Sambands íslenskra sveitarfélaga að ekki sé tímabært að gera breytingar á lögum í þá veru að notendastýrð persónuleg aðstoð verði meginregla og fyrsti valkostur í öllu þjónustukerfi fatlaðra.

Sambandið leggur hins vegar áherslu á að þetta þjónustuform hafi ótvíræða kosti og því sé mikilvægt að hefja innleiðingu og þróun þess hér á landi. Tillögur sem kynntar hafa verið á vettvangi verkefnisstjórnar um yfirfærsluna, miða að þessu, en þar er gert ráð fyrir að sett verði á laggirnar fjögurra ára þróunarverkefni um notendastýrða þjónustu. Þróunarverkefninu er lýst í meðfylgjandi skjali, en því má hleypa af stokkunum án þess að til þurfi að koma sérstakar lagabreytingar.

Með þróunarverkefni af þessu tagi er hægt að afla margvíslegra upplýsinga um faglega og fjárhagslega þætti við að innleiða þjónustuna, t.d. með þeim hætti sem þingsályktunartillagan gerir ráð fyrir. Hér er um nauðsynlega vinnu að ræða enda stendur það tillögunni vissulega fyrir þrifum að henni fylgja engar greiningar á kostnaði heldur einungis ágiskanir um umfang sem eru í besta falli langsóttar við núverandi efnahagsástand.

Áríðandi er að væntingar í tengslum við yfirfærslu á málefnum fatlaðra til sveitarfélaganna, séu byggðar á raunsæi, vönduðum vinnubrögðum og þeim ramma sem verkefninu er settur, m.a. með yfirlýsingum stjórnvalda. Ástæða er til þess að huga að þessum atriðum við meðferð þeirrar tillögu sem hér er til umfjöllunar.

Virðingarfyllt
SAMBAND ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA

Karl Björnsson
framkvæmdastjóri

Lýsing á þróunarverkefni sem rætt hefur verið í verkefnisstjórn um yfirfærslu þjónustu frá ríki til sveitarfélaga

Samkvæmt tillögnum yrði skipulag þróunarverkefnisins með eftirfarandi hætti:

1. Verkefninu verði stjórnað sameiginlega af ríki, sveitarfélögum og fulltrúum notenda.
2. Ríkið beri formlega og fjárhagslega ábyrgð á verkefninu en þjónustuveitandinn beri faglega ábyrgð.
3. Lögð verði áhersla á að kanna möguleika notendastýrðar þjónustu til að samþætta þjónustu sem nú er veitt af mörgum aðilum.
4. Verkefninu verði mótaður fastur fjárhagslegur rammi og samið verði um kostnaðarskiptingu þjónustunnar milli ríkis og sveitarfélaga.
5. Faglegt og fjárhagslegt mat á verkefninu verði hluti heildarmats á tilfærslu þjónustu við fatlaða árið 2014.
6. Í framhaldi af matinu verði tekin ákvörðun um með hvaða hætti þjónustan verði hluti af félagsþjónustu sveitarfélaga, líkt og önnur þjónusta við fatlaða.

Gert er ráð fyrir að þróunarverkefnið nái til ákveðins fjölda einstaklinga t.d. 30 með búsetu sem víðast um landið. Einstaklingar sem falla undir eftirfarandi viðmið hafi forgang að þjónustunni:

1. Hafa mestar þjargir til að stýra þjónustunni, þ.e. líkamlega fatlaðir.
2. Fá takmarkaða þjónustu miðað við þarfir.
3. Búa sjálfstætt, þ.e. hvorki á sambýlum né íbúða- eða þjónustukjörnum.
4. Fá eða þurfa þjónustu frá mörgum aðilum, svo sem sveitarfélögum, svæðisskrifstofum um málefni fatlaðra og heilbrigðiskerfinu.

Áður en hægt verður að bjóða upp á notendastýrða þjónustu þarf að greina fjölda og þarfir þess hóps sem þjónustunni er ætlað að beinast að. Þessi greining þarf að fara fram í samstarfi við hagsmunasamtök:

- Hvaða einstaklingar falla undir sett viðmið og hversu margir eru þeir?
- Hverjar eru þjónustuþarfirnar?
- Hvaða þjónusta fá einstaklingarnir nú þegar og hver veitir hana?
- Hver er kostnaðurinn vegna núverandi þjónustu?
- Hver er kostnaðurinn vegna þjónustuaukningar?

Ramminn um þjónustuna myndi byggja á eftirfarandi meginþáttum:

1. Veitandi þjónustu geti verið sveitarfélög og þjónustusvæði þeirra eða félag á vegum notenda sem sérstaklega er ætlað að annast notendastýrða þjónustu.
2. Skilgreindar verði kröfur til veitenda og starfsmanna í notendastýrðri þjónustu.
3. Notendur eigi rétt á að tilnefna starfsmenn en þjónustuaðili geti aðeins ráðið þá sem uppfylla settar kröfur og sem hann er tilbúinn til að bera ábyrgð á.
4. Settur verði rammi um eftirlit með þjónustunni.

Í tilfærslu þjónustu við fatlaðra til sveitarfélaga felast ýmis sóknarfæri til þess að þróa þjónustu við fatlaða og samþætta við aðra félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá fæst betri heildarsýn á þarfir þjónustuþega og flest bendir til þess að sveitarfélögin verði betur til þess fallin en ríkið að veita notendastýrða þjónustu í framtíðinni. Í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna munu sveitarfélögin áfram vinna að því að auka sjálfstæði notenda og áhrif þeirra á veitingu þjónustunnar. Í samræmi við forsendur yfirfærslunnar verður það svo metið árið 2014 hvernig til hefur tekist.

Með því fyrirkomulagi sem hér er lagt til má tryggja að notendastýrð þjónusta verði innleidd á Íslandi og að sá hópur fatlaðra sem núverandi kerfi hefur hvað síst þjónað njóti þeirrar aðstoðar sem þeir þurfa til að lifa sjálfstæðu lífi. Þá er mikilvægt að með þessu móti er ekki verið að flytja ný og ómótuð verkefni til sveitarfélaga, enda segir í viljayfirlýsingu ríkis og sveitarfélaga að tilfærsla verkefna verði gerð á grundvelli núgildandi laga um málefni fatlaðra.